



# BLÆR BRÚAR BILIÐ

## Áfangaskýrsla þróunarverkefnisins

Samstarfsverkefni Hörðuvallaskóla, leikskólans Baugs, leikskólans  
Austurkórs og leikskólans Kórs

Samningur nr. 2019-2020, hlaut styrk fyrir skólaárið 2019 - 2020  
Verkefnastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Guðbjörg Oddsdóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Hvað hefur verið gert? .....	3
Veturinn 2018 - 2019 .....	3
Veturinn 2019 - 2020 .....	3
Hindranir og frávik frá áætlun.....	4
Ávinningur og mat verkefnis .....	4
Hvað er framundan? .....	4
Rekstrarreikningur .....	6

## Inngangur

Í maí 2019 fengum við þær góðu fregnir að umsókn okkar um þróunarstyrk hefði verið samþykkt. Strax að hausti fór af stað vinna sem hófst með fundi verkefnisstjóra frá öllum skólunum þar sem gerð var áætlun um vinnu vetrarins. Hér að neðan má sjá hvað gert hefur verið verkefninu í vetur 2019 - 2020, þó áætlanir á vorönn hafi raskast þó nokkuð vegna Covid - 19. Stofnaður var lokaður facebook hópur sem tileinkaður er verkefninu, en í hópnum eru allir kennarar sem koma að verkefninu. Hópurinn er nýttur til upplýsingamiðlunar og samskipta milli þeirra sem að verkefninu koma.

### **Markmið verkefnisins**

- 1. Vinna að hugarfarsbreytingu meðal skólasamfélagsins með breyttri orðræðu þar sem lögð er áhersla á gildi núvitundar. Fyrri skólastig eiga ekki að markast af undirbúningi fyrir seinni skólastig, við eigum að læra, leika og njóta á því skólastigi sem við erum á.*
  - a) Tengja námskrár skólanna betur saman, skapa samtal og samfellu*
  - b) Útbúa kynningarefni - veggspjöld - einföld, aðgengileg og með áherslu á stígangda í námi barnanna frá upphafi leikskólagöngu til fyrstu ára í grunnskóla*
  - c) Gera skráða verkferla um samfellu í námi barna með skilgreind frávík.*
- 2. Stuðla að öryggi foreldra við skólaskil. Öruggari foreldrar - öruggari börn.*
  - a) Hvetja foreldra til að hafa börnin í sumardvöl grunnskólans við skólaskil.*
  - b) Skoða einhverskonar þátttökuáðlögun foreldra í sumardvöl. Leiðarvísir fyrir foreldra.*
- 3. Efla samstarf og samvinnu kennara milli skólastiganna.*
  - a) Gefa kennurum færi á undirbúningi og samvinnu.*
  - b) Gefa kennurum færi á að fara í heimsóknir og kynnast og taka þátt í starfi þess skólastigs sem þeir eru ekki að kenna á, án barnanna.*
  - c) Gefa kennurum færi á sameiginlegum námskeiðum.*

Þessum markmiðum er stefnt að ná m.a. með því að vinna markvisst með vináttuverkefnið Blæ <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta> sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. En unnið hefur verið með verkefnið í öllum þátttökuskólunum síðustu ár og því hentaði vel að nýta þetta verkefni til að tengja alla skólana saman. Unnið hefur verið að því að styrkja enn frekar tengslin milli skólanna og þekkingu þátttakenda á námi og kennslu á hverjum stað. Allt er þetta hugsað til að gera skipti nemenda milli skólastiga sem farsælust.

## Hvað hefur verið gert?

### Veturinn 2018 - 2019

**Janúar 2019** - Fundur verkefnastjóra með Margréti Júlíu Rafnsdóttur frá Barnaheill

**Janúar 2019** - Kynning á verkefninu til þeirra kennara sem hlut eiga að máli

**28. janúar 2019** - Námskeið fyrir kennara

**Mars 2019** - Vinna er hafin við að tengja skólanámskrár beggja skólastiga

**Mars/apríl 2019** - Heimsóknir milli skólastiga

**9.mái 2019** - Kynning á verkefninu til foreldra í vorskóla Hörðuvallaskóla

Fundir þeirra kennara sem að verkefninu standa 3-4 sinnum yfir veturinn, hvert ár, stefnt er á að þessir fundir verði markvisst settir niður fyrir skólaárið 2019-2020.

Lögð fyrir viðhorfskönnun að vori 2019.

### Veturinn 2019 - 2020

**September 2019** - stór vinnufundur með öllum sem aðkomu hafa að verkefninu haldinn á Hilton. Þar var unnið úr upplýsingu frá fyrra ári, línur lagðar fyrir komandi vetur og hópurinn hristur saman. (Greiðslur til kennara og stjórnenda fyrir fundarsetu utan skilgreinds vinnutíma).

**September - desember 2019** kennarar mynda 4 manna hópa (einn frá hverjum skóla) sem heimsækja alla í hópnum a.m.k. einu sinni og fá innsýn í nám og kennslu á hverjum stað.

**Nóvember** - vináttuganga gegn einelti og stöðvar með leikjum í Kórnum íþróttahúsi. Allir skólar taka þátt með sínum nemendum.

**Janúar 2020** - Stór skipulagsfundur með öllum. Mat lagt á vinnu haustannar og samstarf milli kennara. Línur lagðar fyrir starf á vorönn, hugmyndavinna fyrir foreldraefni sem fer í útgáfu.

**Febrúar - mars 2020** - heimsóknir nemenda milli skólanna ásamt kennurum.

**Mars - apríl 2020** - skoðunarferð með stjórnanda fyrir nemendur leikskólanna, um Hörðuvallaskóla.

**Apríl - maí 2020** - útgáfa á kynningar- og upplýsingaefni fyrir foreldra um skil milli skólastiga.

**Maí 2020** - lokahátíð fyrir nemendur og kennara í Magnúsarlundi. Þar hittast nemendur beggja skólastiga, farið er í leiki og loks er bangsinn Blær skilinn eftir í Hörðuvallaskóla, þar sem hann bíður eigenda sinna í ágúst þegar þeir mæta í grunnskólann.

**Maí - júní 2020** - fundur sérkennslustjóra allra skólanna til að leggja línur fyrir skilvirkari yfirfærslu milli skólastiga, gera skráða verkferla um samfellu í námi barna með skilgreind frávik.

**Júní 2020** - lögð fyrir viðhorfskönnun fyrir foreldra og kennara.

Umsjónarmenn (stjórnendur) þessa verkefnis hafa fundað jafnt og þétt yfir veturinn til að skipuleggja starfið og sjá til þess að unnið sé samkvæmt áætlun. Kennarar hafa einnig lagt mikla auka vinnu í

verkefnið utan þeirra starfa sem þeir nú þegar sinna. Umsjónarmenn og kennarar hafa unnið að hugmyndavinnu vegna kynningarefnis jafn og þétt yfir veturinn.

## **Hindranir og frávik frá áætlun**

Öll vinna í verkefninu fór vel af stað og gekk samkvæmt áætlun fram til upphafs mars mánaðar þegar Covid - 19 tímabilið hófst. Það náðu ekki allir leikskólar að koma í skoðunarferð um skólann og öll vinna við útgáfu á efni fyrir foreldra tafðist vegna ástandsins. Lokahátíð vetrarins mun vonandi nást í byrjun júní. Áætluð var kynning á verkefninu í febrúar - mars, fyrir menntsvið Kópavogsbæjar sem náðist ekki vegna Covid og óljóst hvenær af honum verður.

## **Ávinningur og mat verkefnis**

Verkefnið hefur styrkt kennara í starfi sínu og gert þá meðvitaðri um það sem fram fer á hinu skólastiginu. Kennarar hafa talað um að nú sé öll samvinna milli skólanna markvissari og notuð sé meðvituð orðræða í samtölum milli starfsfólks. Nemendur eru mun öruggari þegar þeir hefja skólagöngu í Hörðuvallaskóla, þar sem þeir hafa komið oft í heimsókn og þekkja skólabygginguna og oft á tíðum kennarana. Góð samvinna er einnig milli stjórnenda þessara skóla, sem hittast reglulega til skipulagningar. Vinna með námsefnið vináttu er markvissari og bæði skólastig eru meðvituð um það sem fram fer í þeirri vinnu hjá „hinu“ skólastiginu. Nemendur þekkja vináttubangsann Blæ sem notaður er á báðum skólastigum og það skapar einnig öryggi hjá þeim, auk þess sem verið að samræma vinnubrögðin. Foreldrar eru öruggari þegar börnin eru öruggari og eru búin að læra að þekkja skólaumhverfið vel. Að okkar mati hefur verkefnið skapað meira öryggi og áhuga bæði hjá starfsfólki, foreldrum og nemendum.

## **Hvað er framundan?**

- Undirbúa kynningu á verkefninu fyrir foreldra og kennara haustið 2020
- Námskeið fyrir kennara haustið 2020
- Áframhaldandi vinna að kynningarefni, bæklingur, veggspjald sem gefa átti út vorið 2020. Stefnt að því að klára það á haustönn 2020.
- Áætluð útgáfa kynningarefnis (sem frestaðist vegna Covid)
- Áfangaskýrslur í maí/júní 2020
- Vinna við að samræma/afmarka betur námskrár skólanna
- Áframhaldandi námskeiðshald og fundarseta með það að markmiði að hafa áhrif á orðræðu og efla/viðhalda samvinnu.
- Áframhaldandi heimsóknir á milli skólastiga

- Gera skráða verkferla um samfellu í námi barna með skilgreind frávík - klára þá vinnu.
- Innleiða þátttökuaðlögun í sumardvöl
- Lokakynning á verkefninu fyrir foreldra, starfsmenn skóla og fræðsluþyrirvöld.

Meðfylgjandi er rekstrarreikningur (sjá fylgiskjal)

  
Undirritun verkefnisstjóra

  
Undirritun skólastjóra ábyrgðarskóla